

Ed.

802. Lög

um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

(Samþykkt í Ed. 9. september).

1. gr.

Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landssjóður skal vera innskotseigandi (*interessent*) að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárri hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.

Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans.

Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur).

2. gr.

Heimilt er stjórninni að taka í þessu skyni allt að 200,000 kr. lán handa landssjóði.